

# Kjarval

## Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Undanfarnar vikur hafa málverk eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval hangið uppi í Kjarvalssal Kjarvalsstaða, sem er árviss viðburður. Fer sýningunni nú senn að ljúka svo ekki er seinna vænna að geta hennar að nokkru.


Hin mikla gjöf Kjarvals til Reykjavíkurborgar nam um 5000 myndverkum aðallega unnum á pappír, svo og undirbúningsrissum, en einnig mörgum olíumyndum á striga og harðara efni. Við þessa gjöf hafa svo bæst margar verðmætar gjafir t.d. úr safni þeirra Jóns Þorsteinssonar og Eyrúnar Guðmundsdóttur, og svo hafa ýmis ágæt verk verið keypt til viðbótar allt frá því að myndhúsið komst í gagnid.

Listrýnirinn hefur gert sér nokkrar ferðir á sýninguna og getur staðfest að margt ágæt mynd er þar að finna, og hún er góðrar heimsóknar virði, en ýmislegt við framkvæmdina vekur samt furðu hans.

Hér er nefnilega ekki um tiltakanlega metnaðarfullt framtak að ræða, frekar ber sýningin svip af skyldurækni við listamanninn, því að flestar þessara mynda hafa menn séð margoft á fyrri sýningum. Ekki er það svo, að menn verði leiðir á þessum myndum, en of mikið má af öllu gera og í ljósi verkanna 5000, hlýtur

sithvað spennandi að vera þar innan um sem minni gaumur hefur verið gefinn hingað til, en ávinningur væri af að kynnast. Sýningin er þannig engin vettvangsskýrsla um hvað rannsóknnum á listaverkagjöfinni viðvíkur, heldur ber hún frekar vott um vanavinnubrögð, sem öðru fremur eru innt af hendi af skyldurækni. Það er bjargföst skoðun mín að hver einasta sýning á verkum Kjarvals, skuli að vera drjúgur viðburður, og miklu eigi að fórn til að vekja áhuga fólks á þessum mikla listamanni. Sýningarnar hafi ákveðin stefnumörk og traustan ramma, og þannig beri að fylgja hverri einustu sýningu úr hlaði með kynningu á sérstöku afmörkuðu tímabili á ferli hans, eða einstökum listaverkum, og vera svo með yfirlit eða uppstokkun inn á milli. Til þess þyrfti einnig að hanna sérstaka sýningarskrá svo sem ég hef margoft bent á í skrifum mínum.

Skráin gæti allt eins verið liður í rannsóknum á list Kjarvals, um leið og hún fæli í sér mikilsverðar upplýsingar og fróðleik um listamanninn og verkin á hverri sýningu fyrir sig. Mætti ætla, að hér sé af nógu að taka í ljósi verkanna 5000, auk viðamikilla heimilda um líf hans sem vafalítið eru í eigu stofnunarinnar. Þá væri fengur að fá sem flesta með yfirsýn yfir list Kjarvals til að láta ljós sitt skína, og fá þá sam-




Fjarðarmynni.



Systurnar á Stapa.

ferðamenn hans sem enn eru á lífi til að lýsa kynnum sínum af meistaranum.

Á sýningunni voru það einkum þrjár myndir sem sérstaka athygli vöktu, og tvær þeirra minn-



Ari.

ist ég ekki eftir að hafa séð aður, eða kannski hafa þær farið framhjá mér, en njóta sín sérlega vel í þessari upphengingu. Er það „Systurnar á Stapa“, sem máluð mun vera 1935, en litirnir í henni eru næsta óvenjulegir frá hendi Kjarvals, „Ari“, sem máluð var á árunum 1957-58 og keypt var til safnsins 1990. Og svo er það hin gullfallega ófreska ævintýramynd „Fjarðarmynni“ frá 1947 og keypt var 1991. Hvað málverkið Systurnar á Stapa snertir kom hún til safnsins á sl. ári og er einmitt gjöf frá Jóni Þorsteinssyni og Eyrúnu Guðmundsdóttur.

Allar bera þessar myndir ótvírátt kennimark meistarans og einungis þeirra vegna væri sýningin heimsóknar virði. Upphengingin í sjálfu sér býður að öðru leyti ekki upp á neinar óvæntar lifanir, er slétt og felld.

## Vatnslitir - smelti - olía

Í Listhúsi í Laugardal, að Engjateig 19, sýnir fram til 30. marz Þórunn Eiríksdóttir 49 myndverk, sem greinast í vatnslitamyndir, smelti og olíu á striga.

Þórunn er af útskriftarangi myndmenntakennara MHÍ 1970, en hefur auk þess sótt fjölda námskeiða, m.a. í leirmyndagerð, smelti og glerlist. Þá hefur hún ferðast víða til að leita sér fróðleiks um myndlist, að því viðbættu að hún hefur verið myndmenntakennari í 22 ár. Áður hefur Þórunn haldið sýningar í Reykjavík, Akureyri og Kópavogi og er þetta sjötta einkasýning hennar.

Það skal viðurkennt, að stund-

um finnst þeim sem hér ritar sem öll myndlistarkennsla fari fram á stuttum námskeiðum hérlendis, og þá jafnt í dagældum listaskólanna, sem námskeiðum innan þeirra sem utan. Þá eru stefnumörkin þau, að kenna einhverja sérstaka aðferð innan myndlistarinnar og látið þar við sitja, og vitleysan kórónuð með að gefa próf upp á það að viðkomandi hafi stundað nám í myndlistargeiranum.

Í raun er þá verið að kenna, hvernig alls ekki eigi að nálgast myndlist, því að fæstum endist allt lífið til tæmandi rannsókna á hverjum geira fyrir sig. Því er nærtækar að upplýsa nemandann um hve lítið hann kann að

loknu námskeiði og hve sviðið er rúmt, en að telja honum trú um að hann geti staðið á eigin fótum á tæknisviði námsgreinarinnar.

Ósjálfrátt datt mér þetta allt í hug við skoðun sýningar Þórunnar Eiríksdóttir, því að óneitanlega er drjúgur námskeiðasvipur á sýningunni og skyggir hann frekar á upprunalega hæfileika en að draga þá fram.

Þetta sér maður greinilega á vatnslitamyndunum, sem eru stærsti hluti sýningarinnar, því að í þeim fáu myndum sem frjálst hugarflug gerandans fær eðlilega útrás nýtur hann sín langsamlegast best að mínu mati, og á ég hér við myndverk eins og



Þórunn Eiríksdóttir.

t.d. „Njálsbrenna“ (9) og „Glæður“ (11). Í myndum sem slíkur

er tjáningin fersk og upprunaleg. En er svo Þórunn fer að styðjast við þekkingu sína frá námskeiðunum daprast henni flugið og fjarlægist mjög innri lífæðar myndflatarins.

Það sem máli skiptir í myndlist er að virkja hið innra auga, og öll aðfengin þekking sem tekur ekki tillit til þess er misvísandi og röng.

Og eins og það heitir, þá skiptir öllu að virkja augun og læra að horfa á tilveruna, — fá auga á hausinn. Og hafi maður á annað borð lært að skoða og meðtaka myndir situr það í viðkomandi allt lífið. Og það er mikið mál, vel að merkja.

Klár og skýr einfaldleiki eins og kemur fram í smeltimyndinni Fiskur (31) er styrkur Þórunnar og einnig skilvirki í formrænni uppbyggingu eins og t.d. í málverkinu „Flug“ (47).

## Óskast á leigu

### 400-500 fm atvinnuhúsnæði

Höfum verið beðnir að útvega traustum aðila ca 400-500 fm atvinnuhúsnæði á jarðhæð á góðum stað miðsvæðis í Austurborginni.

Góð aðkoma og góð bílastæði æskileg.

EIGNASALAN, Ingólfsstræti 12, s. 19540 og 19191.

## DAGBÓK

**FÉLAGSSTARF** **aldraðra, Hafnarfirði.** Spilað verður bingo í dag kl. 14 í Íþróttahúsinu v/Strandgötu.

**FÉLAG** **eldri borgara í Rvík og nágrenni.** Brideskeppni, tvímenningur í Risinu kl. 13 í dag. Bókmenntakynning 5. og 12. apríl nk. kl. 14 í Risinu. Leikfélagið Snúður og Snælda kynna verk Einars Benediktssonar, stjórnandi Gils Guðmundsson, rithöfundur.

**REIKI-HEILUN.** Opíð hús í kvöld kl. 20 í Bolholti 4.

**FLÓAMARKADSÞÚÐIN, Garðastræti 2,** er opin þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 13-18.

**BRÆDRAFÉLAG** **Garðakirkju** heldur félagsfund í kvöld kl. 20.30 í safnaðarheimilinu Kirkjuhvöli. Gestur fundarins, Njörður P. Njarðvík, prófessor, ræðir um Sólarljóð.

**FÉLAGSSTARF** **aldraðra, Norðurbrún 1.** Kvöldvaka á morgun föstudag kl. 20. Kvöldvökukórinn sér um söng, upplestur, grín og dans. Kaffiveitingar.

**GEDHJÁLP** er með fyrirlestur í kvöld kl. 20.30 á 3. hæð geðdeildar Landspítala er nefnist „Hugræn meðferð“ (cognitiv-medferð). Öllum opið.

### KIRKJUSTARF

**ÁSKIRKJA:** Opíð hús fyrir alla aldurshópa í dag kl. 14-17.

**BÚSTAÐAKIRKJA:** Mömmumorgunn kl. 10.

**HALLGRÍMSKIRKJA:** Kvöldbænir með lestri Passíusálma kl. 18.

**HÁTEIGSKIRKJA:** Starf fyrir 10-12 ára börn kl. 17. Kvöld söngur með Taizé-tónlist kl. 21. Kyrrð, íhugun, endurnæring.

**LANGHOLTSKIRKJA:** Vínafundur kl. 14-15.30 í safnaðarheimili. Umfjöllunarefni: Efri árin

og breytingar á höfum fólks er aldur færast yfir. Leiðbeinandi Sigrún Gísladóttir. Aftansöngur kl. 18.

**LAUGARNESKIRKJA:** Kyrrðarstund kl. 12. Orgelleikur, altarisganga, fyrirbænir. Léttur málsverður í safnaðarheimili að stundinni lokinni.

**SELTJARNARNESKIRKJA:** Nemendatónleikar Tónlistarskóla Selbjarnarness kl. 20.30.

**BREIÐHOLTSKIRKJA:** Mömmumorgunn föstudag kl. 10-12.

**FELLA- og Hólakirkja:** Æskulýðsfundur 10-12 ára kl. 17 í dag.

**KÁRSNESSÓKN:** Starf með eldri borgurum í safnaðarheimilinu Borgum í dag kl. 14-16.30.

**SELJAKIRKJA:** Frímerkjaklúbbur í dag kl. 17.

**HJALLAKIRKJA:** Opíð hús fyrir eldra sóknarfólk í dag kl. 14-17. Umsjón: Anna Sigurkarlsdóttir.

**GH FESTINGAJÁRN OG KAMBSAUMUR**  
Þýsk gæðavara - traustari festing  
**HVERGI MEIRA ÚRVAL**

ÓTRÚLEGA LÁGT VERÐ  
**Þ. ÞORGRÍMSSON & CO**  
Armúla 29 - 108 Reykjavík - símar 38640 og 686100